

Vorskýrsla FÉLAK
Forvarnir og Félagsmiðstöðvar á Akureyri
2020

Efnisyfirlit

FÉLAK	4
Markhópur	4
Starfsfólk	4
Samvinna milli stofnana og deilda	5
Samvinna við foreldra	6
Barnvænt sveitarfélag	6
Samfés	6
Forvarnastarf Félak	7
Forvarnarteymi	7
Stóra teymið	7
Félagsmiðstöðvarstarf Félak	7
Dagstarf	7
Félagsmálafræðival	8
Ungmennaráð Akureyrar	8
Miðstig - opið hús	8
Kvöldstarf – opið hús	8
Stíll - Lokakeppni	9
NorðurORG	9
SamFestingur	9
Raddir barna	10
Óvissuferð	10
Áhrif covid	10
Viðburðir Félak á miðstigi	10
Spurningakeppni Félak miðstigi	11
Þrautaleikur	11
Leikjadagar	11
Fótboltamót Félak á miðstigi	11
Sértækt starf	12
Klúbbar	12
5. – 6. bekkjar klúbbur	12
7. bekkur	12
Pizzu og bíó kvöld fyrir 7. bekk	12
Stelpuval	12
Strákaklúbbur	13

VIP (Very Important People)	13
Kjartan	13
Rassmus	14
Skólasmiðja	14
Sumarstarf Félak	15
VIP sumar	15
Vinnurós	15
Lokaorð Félak	16
Aðsóknartölur Félak	17
Unglingastig	17
Miðstig	17

FÉLAK

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Þeir skólar sem eru staðsettir utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli fær þjónustu eftir aðstæðum.

Allt starfsfólk Félak vinnur að sameiginlegum markmiðum og þjónustar aldurshópin 10 – 16 ára. Umsjónarmenn félagsmiðstöðva starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og koma að gerð forvarnarstefnu bæjarins og sjá því um framkvæmdaráætlun forvarna fyrir 0 – 25 ára samhliða starfinu í félagsmiðstöð.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Opið er fjögur kvöld í viku í mismunandi félagsmiðstöðvum fyrir unglunga og einnig eru reglulegir viðburðir um helgar. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Stuðst er við hugmyndafræði Timewise sem er til þess gerð að auka tólmstundameðvitund barna og unglunga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnum starfa hafa umsvif Félak aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skólasmiðju og fleiri sértæk verkefni.

Markhópur

Sá markhópur sem starf Félak beinist mest að eru nemendur í 5. – 10. bekk en fyrir þann hóp er margvíslegt starf í boði. Í samráði við námsráðgjafa er sóst eftir því að ná til þeirra barna og unglunga sem ekki teljast félagslega virkir og leitast eftir að efla félagslega hæfni þeirra og þroska. Sveigjanleiki í starfi er ein forsenda þess að geta brugðist við þörfum og oftar en ekki eru búnir til sértækir hópar þegar við á. Leitast er eftir því að á hverri opnun og í hverjum klúbb séu umsjónarmenn af báðum kynjum til að tryggja börnum og unglingum aðgang að sterkum kynjafyrirmyndum.

Starfsfólk

Alfa Aradóttir er deildarstjóri forvarna- og æskulýðsmála á Akureyri. Hún er menntaður tólmstunda- og félagsmálafræðingur (leyfi). Í afleysingum fyrir hana er Bryndís Elfa Valdemarsdóttir. Hún er með MPA í opinberri stjórnslu.

Umsjónarmaður Dimmuborga (Giljaskóli) er Arnar Már Bjarnason forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hann er með BA próf í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Honum til aðstoðar er Sólveig María Árnadóttir, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Himnaríkis (Glerárskóli) er Dagný Björg Gunnarsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún er með BA próf í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Henni til aðstoðar er annað starfsfólk Félak í hlutverki tímastarfsmanns.

Umsjónarmaður Stjórnuríkis er Ester Ósk Árnadóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi Lundarskóla en hún er með BA í fjölmiðlafræði og MSc í Alþjóðlegri stjórnun og markaðsfræðum. Hún tók við í apríl er Angantýr Ómar Ásgeirsson lét af störfum.

Umsjónarmaður Undirheima (Síðuskóli) er Linda Björk Pálsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún hefur stundað nám við Tómskóla- og félagsmálafræði í HÍ. Henni til aðstoðar er Kristján Blær, tímastarfsmaður.

Umsjónarmenn Tróju eru þrír, einn fyrir hvern skóla á brekkunni:

Anna Guðlaug Gísladóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Lundarskóla en hún hefur lokið BA prófi í sálfræði og viðbótardiplómu í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun ungmenna, forvarnir og lífssýn.

Guðmundur Ólafur Gunnarsson, forvarna- og félagsmálaráðgjafi í Brekkuskóla, er með B.Sc. í Umhverfis- og orkufræði og sækir meistaranám í kennsluréttindum við Háskóla Akureyrar.

Vilborg Hjörný Ívarsdóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Naustaskóla en hún hefur lokið BA prófi í félagsfræði, MA prófi í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun ungmenna, forvarnir og lífssýn og diplóma í kennslufræðum á meistarastigi.

Þeim til aðstoðar er Helga Bergrún er frístunda leiðbeinandi sem starfar mestmegnis á miðstigi en einnig við 8.-10. bekkjar opnanir í Tróju ásamt sértækjum klúbbum og verkefnum. Tímastarfsmenn eru Fríða Kristín Hreiðarsdóttir og Ómar Svan Ómarsson tímastarfsmenn.

Ólafía Kristín Guðmundsdóttir (Lóa) er félagsráðgjafi og starfar sem sérfræðingur í félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig. Hún sinnir einnig fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Hallgrímur Ingi Vignisson starfar sem sérfræðingur í félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig. Hallgrímur er með BA gráðu í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri.

Samvinna milli stofnana og deilda

Starfsfólk Félag leggur mikið upp úr góðum samskiptum við aðrar stofnanir og svið Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna og unglinga með það fyrir augum að nýta sem best þá krafta sem í boði eru og mynda tengingar á milli stofnanna sem þurfa að eiga í samstarfi vegna barna og unglinga í þeirra sveitarfélagi.

Samskipti við starfsfólk skólanna eru mikilvægur þáttur í starfinu og funda umsjónarmenn félagsmiðstöðva reglulega með námsráðgjöfum og/eða deildarstjórum og hafa greiðan aðgang að skólalastjóra. Með árunum hefur skapast mikið traust sem er grundvöllur góðra samskipta og því má áætla að samvinnan skili sér í aukinni velferð barna og unglinga.

Samvinna við Fjölskyldusvið hefur á undanförunum árum aukist jafnt og þétt og er úrræðið Skólasmiðja meðal annars afrakstur þeirrar samvinnu.

Samvinna við foreldra

Félagsmiðstöðvarnar senda mánaðarlega út fréttabréf þar sem fjallað er um viðburði sem hafa verið eða eru framundan. Með fréttabréfinu fylgir dagskrá. Auk þess er að finna upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvar og starfsfólk þeirra á vefsíðum hvers skóla. Einnig er öðrum upplýsingum komið á framfæri í gegnum Mentor kerfið þar sem foreldrar fá meðal annars upplýsingar um forvarnafræðslu sem nemendur fá sem og þær fræðslu sem þeim sjálfum stendur til boða. Auk þess hafa allar félagsmiðstöðvarnar síðu á Facebook þar sem foreldrum er velkomið að fylgjast með.

Ýmis vinna á vegum Félak, s.s. hópavinna og klúbbar krefjast meiri samvinnu við foreldra en önnur og þá fer hún fram í gegnum síma, með fundum eða reglulegum tölvupóst samskiptum.

Áður en haldið er af stað á stærri viðburði á vegum Félak eru haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar eru upplýstir um dagskrá viðburðarins.

Barnvænt sveitarfélag

Hugmyndin um barnvæn sveitafélög er jafngild í öllum samfélögum þar sem börn búa, hvort sem þau eru stór eða smá, þéttbýl eða dreifbýl. Verkefnið Barnvænt sveitarfélag stuðlar að innleiðingu Barnasáttmálans á þann hátt að áhrifanna gætir mest á börn og ungmenni. Akureyrarbær hóf verkefnið snemma árið 2017 og var aðgerðaráætlun barnvæns sveitarfélags samþykkt í bæjarstjórn þann 22. janúar 2019. Ráðinn var verkefnisstjóri verkefnisins sem heldur utan um framkvæmd aðgerða áætlunarinnar. Markmið aðgerðaráætlunarinnar er að tryggja virka þátttöku barna og að tryggja að sjónarhorn barna séu gerð skil í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins. Áætlunin byggir á niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akureyri. Í kortlagningarferlinu komu fram mörg atriði sem áttu heima í aðgerðaráætluninni og er tilgangurinn að innleiða verklag í stjórnsýslu bæjarins sem miðar að því að tryggja réttindi barna og tryggja að starfsfólk bæjarins geti hafist handa við að vinna með Barnasáttmálann með hagnýtum hætti. Nálgun á málefnið hefur breytt forgangi verkefna innan stjórnsýslunnar og hafa raddir barna ótvírætt fengið meira vægi í stjórnsýslu bæjarins en áður. Þann 27. maí 2020 var Akureyrarbær fyrsta íslenska sveitarfélagið til að hljóta viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag.

Samfés

Félagsmiðstöðvarnar á Akureyri eru aðilar að Samfés, samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi og taka virkan þátt í starfsemi samtakanna. Starfsfólk Félak hefur setið í ýmsum nefndum á vegum Samfés. Dagný Björg var meðal annars gjaldkeri félagsins þar til í apríl 2019 og fleiri starfsmenn Félak hafa setið í stjórn Samfés.

Markmið Samfés er meðal annars að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva og efna til verkefna á innlendum og erlendum vettvangi, að koma á framfæri upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútíma samfélagi og ekki síst að hafa áhrif á umræðu, hugmyndir og löggjöf um æskulýðsmál á Íslandi. Samfés leggur að sama skapi áherslu á að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á frístundasviði með ráðstefnum og námskeiðum.

Forvarnastarf Félak

Í öllu starfi Félak eru forvarnir hinn rauði þráður starfsins sama hvort það er í leikjaformi eða beinni fræðslu. Forvarnastarf hefur löngum sannað gildi sitt í að draga úr áhættuhegðun og annars konar óæskilegum áhrifum á lýðheilsu barna og unglunga.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðva eru jafnframt umsjónarmenn forvarna. Það fyrirkomulag eykur samstarf Félak við skólana og auðveldar á margan hátt skipulag og annað samstarf

Unnið er að gerð nýrrar og endurbættrar Forvarnarstefnu Akureyrarbæjar sem er viðameiri en hingað til hefur verið.

Forvarnarteymi

Til að hafa yfirsýn yfir það forvarnastarf sem unnið er á Akureyri í málefnum barna og unglunga hafa verið mynduð teymi sem funda reglulega til að samstillja aðkomu ólíkra stofnanna bæjarins í forvarnarmálum. Teymin eru tvö, annars vegar Stóra teymið og hins vega Litla teymið. Tveir forvarna- og félagsmálaráðgjafar eru í teyminum og eru tengiliðir við alla aðila, boða til funda með hvoru teymi fyrir sig ásamt því að halda utan um dagskrá, stýra fundum og sjá til þess að fundargerðir séu haldnar.

Stóra teymið

Stóra teymið er skipað 23 einstaklingum sem koma að málefnum barna og unglunga á einn eða annan hátt í sveitarfélaginu. Teymið hittist 20. maí 2020 og ræddar voru helstu niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2020 sem og helstu verkefni sumarsins.

Félagsmiðstöðvarstarf Félak

Dagstarf

Daglegt starf felur í sér almennan undirbúning fyrir allt starf Félak. Þar með talin opin hús, sértækt starf og forvarnir. Til að mynda funda forvarna- og félagsmálaráðgjafa vikulega um áætlanagerð, fræðslu og íhlutun forvarna. Auk þess fundar fasta starfsfólk Félak vikulega um starfið almennt og skipuleggur starfið í sameiningu.

Umsjónarfólk félagsmiðstöðva er auk þess með viðveru í sínum skólum einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Á þeim tíma fundar umsjónarmaður með námsráðgjafa og öðrum starfsmönnum, eftir því hvað við á og ræðir við börn og unglunga í frímínútum til að auka tenginguna við þau og hvetja til mætingar í félagsmiðstöðina. Það kemur reglulega fyrir að unglingar leiti til umsjónarmanns á meðan á viðveru stendur.

Félagsmálafræðival

Í hverjum skóla á Akureyri er boðið upp á valgrein sem heitir Félagsmálafræði fyrir nemendur í 9. – 10. bekk. Fjöldi nemenda í valgreininni er um 10 – 15 í hverjum skóla. Meðal verkefna vetrarins eru mannréttindi, ræðuhöld, hópefli, sjálfsstyrking, skipulagning félagsmiðstöðvar viðkomandi skóla og viðburðarstjórnun.

Ungmennaráð Akureyrar

Í Ungmennaráði Akureyrar sitja 11 ungmenni sem hafa m.a. það hlutverk að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Þannig gefst ungmennum bæjarins tækifæri til að láta rödd sína heyrast á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007. Tilgangur ungmennaráðs á Akureyri er annars vegar að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og hins vegar að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri m.a. við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins. Samfélagssvið og frístundaráð hafa fræðsluskyldu gagnvart fulltrúum í ungmennaráði og funda þau tvisvar á ári með frístundaráði og eru þeir fundir sérstaklega fræðslumiðaðir. Ungmennaráð fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímam og heldur að auki Bæjarstjórnarfund unga fólksins í mars á ári hverju. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags, Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, er umsjónarmaður ungmennaráðs og situr og stýrir öllum fundum ungmennaráðs. Verkefnisstjóri aðstoðar fulltrúa ungmennaráðs við að koma málum í farveg og styður við þau í sínum störfum. Ungmennaráðið tekur til umfjöllunar málefni sveitarfélagsins hverju sinni og þau málefni sem brenna á unga fólkinu auk þess að fá til sín mál til umsagnar frá pólitískum ráðum bæjarins.

Árið 2020 á ungmennaráð áheyrnarfulltrúa í hvort tveggja frístunda- og fræðsluráði og samþykkti bæjarstjórn Akureyrarbæjar í árslok 2019 að fulltrúar ungmennaráðs fengju greitt fyrir fundarsetu. Ungmennaráðið hefur einnig spilað stórt hlutverk í innleiðingarferli Akureyrarbæjar í átt að Barnvænu sveitarfélagi. Þá ber ungmennaráð ábyrgð á Stórþingi ungmenna sem haldið er annað hvert ár.

Miðstig - opið hús

Miðstigsopnanir eru fyrir börn í 5. – 7. bekk. Þær eru í eina og hálf klukkustund í senn í hverri félagsmiðstöð. Það er misjafnt eftir félagsmiðstöð hve oft í mánuði slíkar opnanir eru, en að minnsta kosti tvisvar og mest fjórum sinnum. Í skólunum fjórum í þorpinu var boðið upp á opið hús í annarri hverri viku en Trója var opin í hverri viku. Mæting á opið hús í vetur var misjöfn eftir skólum eins og gengur. Starfið er með þeim hætti að starfsmenn Félak skipuleggja dagskrá fyrir öll opin hús vetrarins en krakkarnir hafa val um að fylgja dagskránni eða einfaldlega njóta þess sem félagsmiðstöðin hefur að geyma; spila borðtennis, hlusta á tónlist o.s.frv. undir eftirliti og leiðsögn starfsmanna.

Kvöldstarf – opið hús

Kvöldstarf telst til hefðbundinna opinna húsa sem eru í tvær klukkustundir í einu og geta unglingar sótt það fjögur kvöld vikunnar í mismunandi félagsmiðstöðvum. Kvöldstarfið er eins og annað opið

starf og að mestu leyti í höndum nemenda í félagsmála-fræði undir handleiðslu umsjónarmanns hvernar félagsmiðstöðvar.

Stærri viðburðir Félak

Viðburðastjórnun er ríkur þáttur í starfi starfsfólks Félak. Yfir veturinn er að meðaltali einn slíkur viðburður í mánuði og þá er að mörgu að huga. Þegar ferðast er utan bæjarins þurfa unglingarnir að koma með leyfisbréf að heiman, gera þarf ráðstafanir um ferðakostnað, mat og gistingu. Leitast er eftir að ferðirnar hafi sem minnst áhrif á fjárhag heimilanna og bjóða umsjónarmenn félagsmiðstöðva unglingum oftast en ekki uppá fjáröflun til að standa straum af kostnaði.

Samféskvöld Félak

Söngkeppni, danskeppni og Stíll Akureyri var haldið 16. janúar 2020. Keppnin var haldin í Naustaskóla. Alls voru 8 atriði í söngkeppninni, 3 lið í Stíll Akureyri og 2 dansatriði. Keppnin fór vel fram. Í Stíll Akureyri eru þátttakendur dæmdir út frá þremur liðum; búningum, hárgreiðslu og förðun. Einnig áttu keppendur að skila inn möppu, þar sem þeir gerðu greinaskil á hönnun sinni, innblæstri og fleiru.

Stíll - Lokakeppni

Stíll er árleg hönnunarkeppni Samfés þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Þemað í ár var 90' og var lokakeppnin haldin í Digranesi, Kópavogi. Þann 2. febrúar 2020. Markmið keppinnar er að hvetja listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og sköpunarhæfileika. Fulltrúar Akureyrar í keppninni stóðu sig með þryði og fór umsjónarmaður Félak, Linda Björk Pálsdóttir með keppendur á mótið.

NorðurORG

Söngkeppni félagsmiðstöðvanna á norðurlandi var haldin að þessu sinni í Hofi 24. janúar. Alls stigu á stökk þrjú atriði á vegum unglunga frá félagsmiðstöðvum bæjarins. Keppendur okkar stóðu sig með þryði og komust tvö atriði frá Félak áfram í lokakeppnina sem átti að fara fram í Laugardalshöll í mars en var aflýst vegna Covid-19 faraldursins en keppnin var í staðin rafræn.

SamFestingur

SamFestingurinn er árleg hátíð Samfés, haldinn um miðjan mars á hverju ári. Hátíðin er án efa stærsti vímulausi viðburðinn af þessu tagi sem haldinn er á Íslandi. Stórt ball er á föstudeginum og svo söngvakeppni á laugardeginum þar sem ungmenni syngja sem komust upp úr undankeppninni í sinni félagsmiðstöð. Á ballið mæta um 4.500 unglingar á aldrinum 13-16 ára.

Á hverju ári fer Félak með unglinga á hátíðina. Þau ungmenni sem safna flestum mætingarstigum yfir veturinn í félagsmiðstöðvunum stendur til boða að fara. Vorið 2020 var Samfesting aflýst vegna Covid-19 og ákveðið var að bæta þeim það upp með Menningarferð Félak sem farin var 19-21 júní. Alls fóru 50 unglingar í þá ferð. Gist var í Garðaskóla, farið í fly over Iceland, skroppið í sund í Garðabæ og Mosfellsbæ og farið í Adrenalíngarðinn og loks lokamáltíðin í Ikea. Ferðin var skemmtileg og gekk vel.

Ég og covid

Félagsmiðstöðvar Akureyrar og Ungmennahúsið í Rósenborg í samvinnu við leik-, grunn-, og framhaldsskóla bæjarins hleyptu af stað verkefninu Covid líðan í apríl 2020. Öll börn á Akureyri gátu skrifað eitt orð um sína líðan inn á sameiginlegt vefsvæði og úr varð eins konar orðasúpa tilfinninga á skjá í miðbænum. Hugmyndin var að nota tæknina til að afla upplýsinga um líðan barna og ungmenna á þessum skritnu tímum og um leið gefa þeim tækifæri til að tjá tilfinningar sínar nafnlaust og á öruggan hátt.

Raddir barna

Mái og júní 2020 var sýning á vegum Félag og Barnvæns sveitarfélags á Amtsbókasafninu á Akureyri undir yfirskriftinni Raddir barna. Á einu ári var í þrígang búið að sækjast eftir upplýsingum um líðan og viðhorf barna á Akureyri og var þetta sett saman í eina sýningu.

Óvissuferð

Óvissuferð Félag bindur enda á vetrarstarfið. Þann 20. maí fóru 11 starfsmenn með 147 unglinga á Hauganes í tveimur hollum í hvalaskoðun og stangveiði. Það gekk vel og allir sáu hvali og/eða höfrunga. Að því loknu var skundað til Dalvíkur þar sem starfsfólk og unglingar í félagsmiðstöðinni Týr tók á móti okkur og fóru allir í sund og fengu pitsu að borða. Kostnaður á unglingsferðina var 4500 kr. Þetta tókst mjög vel til og mikil ánægja heilt yfir.

Áhrif covid

Þegar samkomubann skall á um allt land í mars/apríl þá þurfti að bregðast hratt við að finna upp á nýjum viðburðum fyrir unglinga sem kallaði ekki á samveru. Það var heilmargt sem sleppa þurfti á árinu, fótboltamót, körfuboltamót og svo samfestingurinn sjálfur. Starfsfólk fór strax í að finna lausnir og voru haldin rafræn opin hús sem allir unglingar gátu tekið þátt í. Keppnir á milli starfsmanna, t.d. nailed it og extreme makeover og svo gátu þau þá kosið á milli. Einnig hélt starfsfólk úti padlet síðu með helstu upplýsingum og settu eitthvað skemmtilegt inn hverju sinni. Leitast var við að hitta sértæka hópa á zoom fundum.

Viðburðir Félag á miðstigi

Haustið 2017 var ákveðið að fara af stað með nýjung í miðstigs starfinu í formi stærri viðburða, ætlað krökkum í 5.-7. bekk úr öllum skólum Akureyrar saman. Síðan þá hafa stærri viðburðir bæði stækkað í sniðum og sífellt fleiri viðburðir bæst við.

Börn óska mikið eftir íþróttaviðburðum og að fá að spreyta sig í keppni þó þau æfi ekki endilega tiltekna íþrótt. Ljóst er á mætingartölum stærri viðburða að þegar keppt er í einhverju íþróttatengdu er mætingin með besta móti og verður það haft til hliðsjónar þegar starfið er skipulagt. Í því ljósi er mikilvægt að FÉLAK hafi reglulegan aðgang að íþróttamannvirkjum bæjarins og hefur verið óskað eftir því.

Spurningakeppni Félak miðstigi

20. febrúar mættu 15 krakkar til að taka þátt í úrslitum spurningakeppni FÉLAK og fór keppnin fram í Lundarskóla. Undankeppnir höfðu þá farið fram á opnum húsum í félagsmiðstöðvunum og komust 6 lið í úrslit. Eitt lið forfallaðist þó í úrslitakeppninni sökum veðurs og kepptu því 5 lið.

Þrautaleikur

Miðstig FÉLAK hélt úti rafrænum þrautaleik frá 18. mars fram að 3. apríl. Hvern dag voru settar inn 5 þrautir sem að krakkarnir voru hvattir til að leysa og voru settar inn á 65 þrautir í heildina. Þrautaleikurinn fór fram á padlet síðu miðstigs FÉLAK.

Blöðruleikur

Síðasta þrautin í þrautaleik miðstigsins var blöðruleikurinn. Leikurinn var unnin í samstarfi við unglingastigið og höfðu því öll börn á Akureyri frá 5. – 10. bekk tækifæri til að taka þátt í leiknum. Fimm mismunandi lituðum blöðrum var komið fyrir á 7 mismunandi stöðum um Akureyri og fengust mismörg stig fyrir hvern lit. Takmarkið með leiknum var að safna sem flestum stigum með því að taka ljósmyndir af sér með blöðrunum og senda þær inn. Á miðstiginu tóku 20 krakkar þátt og fengu þau verðlaun sem voru með flestu stigin.

Leikjadagar

Eftir að opnað var fyrir starfsemi á nýjan leik eftir samkomubann í byrjun maí, var ákveðið að byrja ekki aftur með hefðbundin opin hús þennan mánuð sem eftir var af vetrarstarfinu. Í staðinn voru skipulagðir útileikjadagar við alla sjö skólana. Þátttaka var heldur slök og fór mæting mikið eftir veðri.

Fótboltamót Félak á miðstigi

Í maí fóru fram fótboltamót miðstigsins. Mótin voru bekkjarskipt og kepptu krakkarnir því einungis við jafnaldra sína. 30 krakkar mættu á mót 5. bekkjar og 23 á mót 6. bekkjar. Nokkuð var um forföll vegna veikinda á þessum mótum og ekkert varð af 7. bekkjar mótinu vegna dræmrar þátttöku.

Sértækt starf

Félag heldur úti yfirgripsmiklu starfi fyrir utan beint forvarnarstarf og hinar hefðbundnu opnanir félagsmiðstöðva. Þar á meðal er hópastarf, klúbbar og skólasmiðja. Mikill hluti þessa starfs er í þróun og mikil gróska í starfinu. Það er að mestu tilkomið vegna þarfa og beiðna frá skólum og samfélaginu í heild.

Klúbbar

5. – 6. bekkjar klúbbar

Markmið klúbbanna er að veita börnum félagslegan stuðning ásamt sjálfsstyrkingu og tómskundakynningu með áherslu á þátttöku og virkni. Umsjón með klúbbunum hafa Ólafía K. Guðmundsdóttir (Lóa), Hallgrímur I. Vignisson og Helga B. Sigurbjörnsdóttir.

Klúbbarnir eru auglýstir í hverjum skóla fyrir sig. Foreldrar geta skráð börn sín en þau geta einnig skráð sig sjálf hjá ritara eða námsráðgjafa. Eftir skráningu er síðan haft samband við foreldra til að staðfesta skráningu og fá leyfi fyrir þátttöku. Dagskrárgerð klúbbanna er unnin í samvinnu við börnin. Hver klúbbur er 5 skipti og þar af fá börnin sjálf að velja þrjú skipti en fyrsti tími fer í hópefli og dagskrárgerð og svo er einn tími nýttur í tómskundameðvitund.

Klúbbarnir voru níu í haust og að meðaltali 8-12 þátttakendur í hverjum klúbbi. Hver klúbbur hittist einu sinni í viku og var aðsókn í hópana misjöfn eftir skólum.

7. bekkur

Pizzu og bíó kvöld fyrir 7. bekk

Eftir áramót var ákveðið á miðstigi að reyna að hafa fleiri viðburði fyrir einungis sjöunda bekk. Ætlunin var að hafa einn stóran viðburð í mánuði fram að lokum vetrarstarfsins í lok maí. Í byrjun mars var svo öllum 7. bekkungum boðið að borða pizzu og horfa á kvikmynd. 117 krakkar mættu á tveimur stöðum, í Tróju og í Giljaskóla. Ekkert varð þó úr því að hafa fleiri atburði sökum samkomubanns og ástands í samfélaginu.

Stelpuval

Stelpuklúbburinn var í umsjá Önnu Guðlaugar og Vilborgar vorið 2020. Það voru 12 stúlkur skráðar úr 8. – 10. bekk en fljótlega bættust við 3 í viðbót. Stúlkurnar voru úr Brekkuskóla, Lundarskóla og Glerárskóla. Markmið klúbbsins er að styrkja sjálfsmynd og félagsþroska í gegnum þátttöku og virkni. Að vekja unglíngana til umhugsunar um sjálfa sig, umhverfi sitt og efla félagslega færni. Nokkuð jöfn skipting var á virkni og umræðu en meðal þess sem var gert var bakstur, heimspekiumræður, skotfimi, femínismi og heimsókn á Punktinn. Vegna Covid duttu ansi margir tímar út en hópurinn hittist aðeins á Zoom. Það er greinilegt að klúbburinn hefur jákvæð áhrif á stúlkurnar og styrkir þær félagslega. Beiðni frá stúlkunum fyrir næstu önn að hafa meiri virkni. Það eru þegar skráðar 22 stúlkur næsta haust og erum við að reyna að verða við því.

Strákaklúbbur

Vorið 2020 var strákavalið, áður tölvuklúbburinn Tóti, undir stjórn Arnars Más og Angantýs. Það voru alls 14 strákar skráðir í valið úr þremur skólum, Brekkuskóla, Lundarskóla og Naustaskóla og var mæting góð heilt yfir tímabilið. Markmið klúbbsins er að styrkja sjálfsmynd og félagsþroska í gegnum þátttöku og virkni. Að vekja unglिंगana til umhugsunar um sjálfa sig, umhverfi sitt og efla félagslega færni. Dagskrá strákaklúbbsins var fjölbreytt og unnið með virkni til jafns við umræður. Meðal annars var farið í, útileiki, gönguferð, fjallað um samskipti og markmiðasetningu.

VIP (Very Important People)

VIP klúbburinn hélt sínu striki og fór af stað aftur í september eftir sumarfrí. Klúbburinn er hugsaður fyrir börn sem þurfa á auknum stuðningi að halda vegna heimilisaðstæðna, kvíða/þunglyndis eða mikillar einangrunar frá öðrum börnum og umhverfinu. Þessi börn búa gjarnan við lélega sjálfsmynd og eru markmið klúbbsins að styrkja sjálfsmynd þeirra, leyfa þeim að prófa og upplifa nýja hluti og opna augu þeirra fyrir öllum þeim möguleikum sem þau hafa í lífinu. Auk þess sem það getur reynst þeim gífurlega mikilvægt að tilheyra hóp og í VIP finna þau öll stað fyrir sig.

Fyrir veturinn fékk klúbburinn styrk frá Lýðheilsusjóði og hefur það veitt okkur tækifæri til að gera ýmislegt spennandi og öðruvísi í vetur og höfum við einnig haft tækifæri til að uppfylla óskir barnanna. Fórum við t.d. á stutt reiðnámskeið í haust, fórum í árlega ferð í Hrísey, höfum skellt okkur á skíði auk þess að hittast í rólegheitum og spila, fara í leiki eða baka. Umsjón með klúbbum hafa Ólafía K. Guðmundsdóttir (Lóa Guðmunds) og Orri Stefánsson.

Kjartan

Kjartan er hópastarf fyrir unglिंगa sem sýnt hafa áhættuhegðun og var sett af stað á haustmánuðum 2019. Úrtakið er úr öllum grunnskólum á Akureyri, ungmenni á aldrinum 13-16 ára. Kjartan hópurnir var unninn í samvinnu við námsráðgjafa og foreldra ungmennanna. Unglingarnir voru meðal annars með lélega mætingu í skóla, höfðu fíktað við efni eða umgengist önnur ungmenni sem eru að fíkta og/eða hafa komið inn á borð lögreglu. Markmiðið með hópnum var að kynna fyrir þeim fjölbreyttar tómstundir og starf félagsmiðstöðvarinnar, þar sem hefðbundið tómstundastarf virðist ekki hafa vakið áhuga þeirra. Ásamt því að hitta unglिंगana einu sinni í viku reyndum við að hafa foreldrafund með Önnu Hildi einu sinni í mánuði en þeir voru misvel sóttir. Upphaflega fengum við 18 nöfn frá námsráðgjöfum og þá átti eftir að fá leyfi frá foreldrum. Það voru ekki allir foreldrar tilbúinn að setja unglिंगinn í þennan hóp og eftir stóðu 11. Það mættu alltaf einhverjir en mætingin var mjög misjöfn. Hópurinn hélt áfram eftir áramót en markmiðunum var breytt og meira lagt upp með að fá þau til að treysta umsjónaraðilum, ná upp spjalli og vita að þau gætu alltaf komið í Rósenborg. Boðið var upp á smá veitingar í öll skiptin, oftast kex og djús. Notast var við leiki og lögð fyrir þau lítill verkefni sem átti að vekja þau til umhugsunar og búa til umræður. Hópurinn gekk vel fram að Covid og voru að mæta 5-7 ungmenni. Í Covid var samskiptum haldið áfram í gegnum grúppuna okkar á Instagram en það gekk misvel að fá svör frá þeim. Við náðum að hitta hópinn þrisvar eftir að samkomubannið var rýmkað og þá mættu 3-4 í hvert skipti.

Rassmus

Janúar 2020 hófst verkefni sem sækir innblástur í námskeið á vegum Erasmus+, “the power of non formal education” sem Vilborg Ívarsdóttir sótti haustið 2019. Verkefnið í heild sinni gengur út á að efla einstaklinga sem meðal annars hafa litla trú á sjálfum sér, eru félagslega veik, hafa þörf fyrir sjálfsstyrkingu, sýna áhættuhegðun eða hafa veikt bakland. Þátttakendur í verkefninu eru úr öllum skólum bæjarins og stefnt var að 15 unglingum en eins og eru eru þátttakendur 13 talsins.

Viðfangsefni hópsins er að sækja um styrk til Erasmus+ fyrir ungmennaskiptum í Evrópu og takast þannig á við ólík og krefjandi verkefni. Þátttakendur völdu land, þema verkefnisins, unnu að umsókn og dagskrá jöfnum höndum með umsjónarmönnum hópsins. Umsjónarfólk er Vilborg, Óli Gunn og Anna Guðlaug og strax í upphafi var ákveðið að hafa þrjá umsjónarmenn til að ungmennin gætu fengið fulla athygli og sem mest út úr verkefninu. Ungmennin voru flest hikandi við þetta boð í byrjun en lang flest slógu til og í vetur hafa þau hist einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Verkefni hópsins eru margskonar og ganga út á að þau kynnist hvert öðru sem og sjálfum sér. Þau fengu styrkinn að upphæð 5.3 milljónir en vegna covid þá þarf að fresta verkefninu en vonast er til að Litháarnir komi til okkar í ágúst og að við förum í heimsókn til þeirra í október.

Skólasmiðja

Skólasmiðja er úrræði sem unnið er í samvinnu við barnavernd, Fjölskyldusvið og Fræðslusvið. Starfshópur sem skipaður er fulltrúum þessara deilda hefur umsjón með starfinu, tekur við umsóknum og fylgist með gangi mála.

Markmið Skólasmiðju er að mæta þeim nemendum sem glíma við mikinn skólaleiða, hafa litla skólasókn og hafa sótt önnur úrræði án árangurs. Skólar senda inn umsókn fyrir nemenda sem sækir þá sína skólagöngu í Rósenborg einn til þrjá daga í viku. Í stað hins hefðbundna skólaramma er frelsið í Rósenborg meira auk þess að meira næði gefst til náms og einstaklings þjónustu.

Starfsmaður Félak sinnir nemandanum og vinnur verkefni með honum, hver sem þau eru; hefðbundið nám úr skólanum, mála, mósaík, leirnámskeið og önnur handavinnu verkefni sem Punkturinn aðstoðar með. Markmiðin eru að mæta nemandanum þar sem hann er staddur, auka jákvæða upplifun með fullorðnum, mynda traust tengsl og reyna að tengja nemandann öðrum hópum innan félagsmiðstöðvarinnar. Eins og gefur að skilja eru þátttakendur í erfiðri stöðu, námslegri og/eða félagslegri og er framgangur í málum því oft á tíðum á reiki.

Það er niðurstaða starfshóps Skólasmiðjunnar að flestir þeirra sem sóttu úrræðið líður betur, nýta sér starfið bæði innan sem utan Skólasmiðjunnar og eru í jákvæðri uppbyggingu. Nemendurnir eru á misjöfnum stöðum og fikra sig á sínum hraða upp þrepastigann sem útbúinn hefur verið fyrir Skólasmiðjuna og hafður er til hliðsjónar fyrir starfsfólk Félak og starfshóp úrræðisins um árangur nemandans. Þörfin er greinileg og úrræðið einsdæmi.

Utan um hvern nemenda er skipað teymi sem í sitja fulltrúi úr skóla nemandans, starfsmaður barnaverndar og starfsmaður Félak. Teymið skiptist á upplýsingum um nemandann og vinnur þannig saman að betri líðan og árangri hans. Markmiðin eru misjöfn enda unnin út frá hverjum og einum nemanda. Í vetur hefur mikill árangur náðst með flesta unglinga sem notið hafa þessarar þjónustu og sterk tengsl myndast á milli unglings og forvarna- og félagsmálaráðgjafa. Í vor voru 12 nemendur sem

sóttu skólaúrræðið úr sex skólum bæjarins sem þýðir að sumir starfsmenn voru með tvo einstaklinga í skólasmiðju hjá sér

Persónuleg ráðgjöf

Starfsfólk Félak sinnir ýmsum störfum og þar á meðal má telja persónulega ráðgjöf. Misjafnt er hvort unglingurinn sjálfur, foreldrar, starfmaður skóla eða félagsmiðstöðva eigi frumkvæði að samtali og frekari ráðgjöf. Vandamálín geta verið af ýmsum toga s.s. samskiptavandi á heimili eða skóla, persónuleg vandamál, neysla, eða andleg vanlíðan. Ef ástæða þykir til hefur starfsfólk samband við barnavernd.

Kvíði og almenn vandræðagangur að vera unglingur er ávallt á yfirborðinu og vinna forvarna- og félagsmálaráðgjafar í nánú samstarfi við námsráðgjafa, stjórnendur og kennara skólanna til að fylgjast með þeim sem eru óvirkir eða sýna einkenni depurðar. Síðustu misseri hefur persónuleg ráðgjöf því stóraukist og aðgengi unglinganna að starfsmönnum aukist í kjölfarið og sér í lagi vegna samfélagsmiðla sem bjóða upp á að hægt sé að hafa samband hvar sem er og hvenær sem er. (Klárt)

Sumarstarf Félak

Á sumrin leggjast hin hefðbundnu störf Félak í dvala í kjölfar skólaslita. Þá tekst starfsfólk Félak á við önnur störf og hafa meðal annars samstarf við vinnuskóla Akureyrarbæjar um fræðslu. VIP lagði landi undir fót í viku og ferðaðist um nærsveitir og kynntist ýmsum afþreyingum sem í boði eru. Sumarið nýttist einnig að miklu leyti til undirbúnings fyrir komandi vetur sem er mikilvægt í ljósi þess að vetrarstarfsemin geti hafist um leið og grunnskólar bæjarins eru settir.

VIP sumar

VIP hópurinn lagði land undir fót í viku og ferðaðist um nærsveitir Akureyrar og kynntist ýmsum afþreyingum sem í boði eru. Þrír starfsmenn fóru með sjö barna hóp í fimm heilsdags ferðir og var meðal annars farið í hvalaskoðun, hestaferð, Jarðböðin á Mývatni, Dimmuborgir og River Rafting í Skagafirði. Mikil samkennd og eining fór að einkenna hópinn þegar fór að líða á vikuna og stigu mörg börnin hressilega út fyrir sinn þægindaramma þessa viku. VIP ferðin var styrkt af félagsmálaráðuneytinu.

Vinnurós

Sumarið 2020 var farið af stað með nýtt verkefni sem fékk starfsheitið Vinnurós og var fyrir unglinga sem af ýmsum ástæðum hentaði ekki að vera í hefðbundnum vinnuskóla og hefðu gott af öðruvísi nálgun. Í upphafi átti hópurinn að vera lítill og áttu þrír umsjónarmenn að vera með hópinn en eftir því sem leið á sumarið bættust sífellt fleiri ungmenni í hópinn og fjórði umsjónarmaðurinn kom til viðbótar. Þau sinntu ýmsum verkefnum og máluðu meðal annars gleðifánann í gilið og í tröppurnar fyrir neðan Rósenborg og "Til fyrirmyndar" vegginn við sundlaugina. Það var mikil ánægja með hópinn sem og innan hans. Sum ungmennanna fengust til virkni í sumar einfaldlega vegna þessa verkefnis. Alls voru 17 ungmenni í hópnum í 8 - 10 bekk.

Lokaorð Félak

Covid og þrautsegja hljóta að vera orð þessa vetrar og vors 2020. Þetta kom óvænt og snögg og starfsfólk brást hratt og örugglega við með nýjungum og gleðina að vopni. Það var þó frekar sérstakt að vera að hvetja þau til að hanga enn meira við skjáinn en venjulega en það var brugðið á það að gera útileik sem þau gátu safnað stigum með og var stórt páskaegg í verðlaun og vakti mikla lukku. Það er alltaf svekkjandi að þurfa að hætta við það sem mikil tilhlökkun er með og voru það því nokkur tár sem féllu þegar í ljós kom að Samfestingur yrði ekki þetta árið. Það var um helmings aukning í óvissuferðina í maí frá árinu áður og skýrist það kannski af því að þau voru ekki búin að vera í ferðum með íþróttafélögum eða neinu eins og venjulega og þyrsti í að gera eitthvað skemmtilegt með jafnöldum sínum.

Á döfinni eru svo flutningar starfseminnar úr húsi vegna myglu í Lundarskóla og þurfa um 200 nemendur að vera í Rósenborg næstu árin. Til stendur að flytja skrifstofur Félak í íþróttahöllina og vonumst við til að það verði vel þó við kjósum að sjálfsögðu að vera á okkar starfsstöð í Rósenborg, en þetta er nú oft það sem við gerum best, að bregðast við vanda og leysa hann og gera gott úr því sem verður ekki umflúið. Þetta raskar þó starfseminni heilmikið og þá sér í lagi sértæku starfi sem er viðkvæmasti hópurinn. Rósenborg hefur verið þeim ungmönnum sem hafa sótt starfið hingað athvarf og sér í lagi þeim sem koma hingað í skólasmiðju og eru þá laus undan hefðbundnu skólaumhverfi sem getur verið þeim íþyngjandi. Við hlökkum því mikið til að koma aftur í Rósenborg haustið 2022 í nýtt og endurbætt hús.

Aðsóknartölur Félak

Unglingastig

Miðstig